



## Reglur um afslátt af dagvistargjöldum í Ísafjarðarbæ

### **1. gr. Gildissvið**

Ísafjarðarbær veitir 35% afslátt af leikskólagjaldi/dagvistargjaldi og hálfu aukagjaldi (nítunda tímanum) til einstæðra foreldra eða ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

### **2. gr. Tilhögun innheimtu**

Afsláttur reiknast frá 1. degi mánaðar eftir að umsókn og gögn hafa borist og verið samþykkt.

### **3. gr. Skyldur**

Einstæðir foreldrar þurfa að framvísa vottorði frá sýslumanni um að viðkomandi fái greitt meðlag.

Námsmenn framvísa skólavottorði fyrir fram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfestingu á því að um fullt nám sé að ræða og foreldri því utan vinnumarkaðar.

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla um breytingar á högum sínum, svo sem breytta hjúskaparstöðu og er þeir hafa hætt námi.

Foreldrar sem hafa notið niðurgreiðslu af leikskólagjaldi þurfa að endurnýja umsóknir sínar um hver áramót. Afsláttur er ekki veittur afturvirk

### **4. gr. Afsláttur**

Systkinaafsláttur er 30% með öðru barni og frítt fyrir þriðja barn af leikskólagjaldi og hálfu aukagjaldi (nítunda tímanum).

Afsláttur gildir milli dagvistunaraðila og skólastiga.

Afsláttur er ekki veittur af hádegisverði og hressingu.

### **5. gr. Gildistaka**

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 18. nóvember 2021 og taka gildi þegar í stað.